

# Undirbúningur fyrir ritgerð

Góð ritgerð stendur og fellur með undirbúningnum. Fyrst skrifar þú hugmyndalista (hugstormun) þar sem þú setur á blað allt sem mögulega gæti tengst efninu. Síðan setur þú niður nokkrar vörður sem eiga að varða leið þína að niðurstöðu. Þá ertu komin/-n með grunn að efnisgrind. Loks bætir þú nánari efnisútlitun við vörðurnar og ert þá komin/-n með efnisgrind. Þá fyrst hefjast hin eiginlegu ritgerðarskrif.



## Efnisgrind

### 1. Inngangur

A. Krækja: Hverjum er illa við fegurð? / Fegurð getur haft mikil áhrif.

B. Almennar upplýsingar:

- Fegurð af ýmsu tagi gefur lífinu gildi.
- Stúlkur keppa sín á milli í fegurð.
- Margir fordæma slíka keppni.
- Aðrir mæra þær.

C. Efnisyrding: Á að leggja niður fegurðarsamkeppni?

### 2. Meginmál

A. Efnisgrein #1: **Félagsskapurinn**

- Eignast nýja vini og kunningja

- Yfirborðskennd vinátta
- Ekki endingargóð vinátta
- Samkeppni eflir sjaldnast vináttu
  - Öfund
  - Tap vont fyrir sjálfsmyndina

B. Efnisgrein #2: **Heilbrigt líferni**

- Verða meðvitaðar um heilbrigt líferni

- Líkamsrækt, snyrting, framkoma
- Heilbrigð sál í hraustum líkama?
  - Of grannar

- Útlitsdýrkun
  - Náttúruleg fegurð?
- Útlitsbinding í tiltekinn tíma

### C. Efnisgrein #3: **Kvenímyndin**

#### - Stöðluð fegurð/útlit

- Ekki öll fegurð í andliti fólgin.
- Slæm fyrirmynd fyrir börn
- Kroppasýning
  - Niðrandi fyrir konur
  - Áhrif klámvæðingar
- Hvort er mikilvægara útlit eða andlegt atgervi?
  - Lífsleikni
  - Menntun
  - Framtíðarmöguleikar

### **3. Lokaorð/niðurstaða**

Fegurðarsamkeppnir eru tímaskekkja og ber að leggja niður.